

**Hópbílar • Hagvagnar • Hagvagnar þjónusta**

**Umhverfis- og öryggisskýrsla 2023**



Hópþílar, Hagvagnar og Hagvagnar þjónusta leggja mikla áherslu á að vera til fyrirmyndar í umhverfis- og öryggismálum og hafa lengi haft alþjóðlega umhverfis- og öryggisvottun skv. alþjóðastöðlunum ISO 14001 og 45001. Í rekstri sem okkar er það mikil áskorun að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar en með virku umhverfisstjórnunarkerfi náum við að halda neikvæðum umhverfisáhrifum í lágmarki ásamt því að efla umhverfisvitund á vinnustöðvum okkar með reglulegri fræðslu.

Í þessari árlegu umhverfis- og öryggisskýrslu eru teknar saman tölulegar upplýsingar úr rekstri félaganna um það sem snertir umhverfis- og öryggismál ásamt samanburði við síðustu ár.

Úrbætur í þessum málaflökkum eru félögunum ávallt hugleikin. Frá árinu 2020 hefur, til að mynda, allur akstur rúttudeildar verið kolefnisjafnaður með samningi við Kolvið og frá upphafi hafa verið gróðursett um 47 þúsund tré vegna losunar flotans. Af því erum við afar stolt. Á liðnu ári var gerður samningur við Traffilog Nordic um innleiðingu á ferilrakningarbúnaði í alla bíla félaganna. Búnaðurinn er mjög nákvæmur og gerir stjórnendum kleift að fylgjast með staðsetningu, aksturslagi og hraða bílanna hverju sinni. Ef tilefni er til er tekið samtal við bílstjóra um bætt aksturslag og öruggari akstur. Tilgangurinn er að draga úr olíueyðslu, auka meðvitund um vistakstur og umferðaröryggi og minnka þar með líkur á óhöppum. Við bindum miklar vonir við þessa nýjung og vonandi verður ekki langt í að mælanlegur árangur fari að sjást í minni eyðslu og færri óhöppum.

Pálmar Sigurðsson  
framkvæmdastjóri



Hópbílar hf. eiga og reka hópferðabíla og sjá um almenningssamgöngur utan höfuðborgarsvæðis og allan almennan akstur fyrir fólk sem vill ferðast. Hópbílar sjá einnig um skólaakstur í Hafnarfirði, akstursþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og starfsmannaflutninga.

Hagvagnar hf. eiga og reka strætisvagna og sér um hluta af almenningssamgöngum höfuðborgarsvæðisins.

Fyrirtækin reka sameiginlega verkstæði og þvottastöð undir nafninu Hagvagnar þjónusta. Aðalstöðvar félaganna eru á Melabraut 18 í Hafnarfirði.

Öll starfsemi Hópbíla og Hagvagna tekur mið af alþjóðlegu umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfi skv. stöðlunum ISO 14001 og ISO 45001.

Kerfin ná til allrar starfsemi félaganna, þ.e. reksturs bifreiða, verkstæðis og þvottastöðvar. Þessari starfsemi fylgja innkaup, umsýsla og notkun efna ýmiskonar og að lokum fellur til úrgangur. Einnig ná kerfin yfir allt utanumhald starfsmannamála, þ.m.t. þjálfun starfsmanna, lagalegar kröfur og reglugerðir varðandi starfsemina.

Kröfum staðlanna er reglulega viðhaldið, m.a. með innri úttektum starfsmanna auk stórra úttekta viðurkennds, utanaðkomandi aðila tvisvar á ári.

**Hópbílar/Hagvagnar hafa gert eftirfarandi til að viðhalda virku Umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfi:**

- Skilgreint þá þætti í starfseminni sem hafa umtalsverð umhverfisáhrif og áhættu í för með sér fyrir starfsfólk og hagsmunaaðila.
- Ákvarðað þau viðmið sem notuð eru til að skilgreina mikilvægi umhverfis- og áhættuþátta.
- Ákvarðað þær aðferðir sem þörf er á til að tryggja að stýring umhverfis- og áhættuþátta sé virk.
- Tryggt að fyrir hendi séu nauðsynlegar auðlindir og upplýsingar til stuðnings við starfrækslu og vöktun ferla.
- Komið á starfsháttum þar sem umhverfis- og áhættuþættir eru vaktar, mældir og greindir. Innleitt þær aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að ná tilætluðum árangri og stöðugum umbótum á Umhverfis- og öryggisstjórnunarkerfi fyrirtækjanna.

*Umhverfis- og öryggisskýrsla Hópbíla, Hagvagna og Hagvagna þjónusta 2023*

Útgefið af:	Gæðaráði
Ábyrgðarmaður:	Pálmar Sigurðsson
Ritstjóri og umsjón:	Guðjón Árnason
Ljósmyndir:	pixabay.com og starfsmenn

Hópbílar og Hagvagnar eru fyrirtæki sem með starfsemi sinni geta haft neikvæð áhrif á umhverfið og eru háð lögum og reglugerðum um umhverfismál.

Við erum mjög meðvituð um umhverfisáhrif starfseminnar og það er einlæg stefna okkar að lágmarka þau áhrif, bæta stöðugt árangur í umhverfismálum og gera umhverfisvernd hátt undir höfði í starfsemi félaganna.

Með þetta í huga nota Hópbílar og Hagvagnar umhverfisstjórnunarstaðalinn ISO 14001 sem leiðarvísi í allri sinni starfsemi.

#### Hópbílar og Hagvagnar hafa sett sér þau markmið að..

Endurskoða Umhverfisstefnu fyrirtækjanna reglulega og vinna að stöðugum umbótum á umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækjanna

Stuðla að mengunarvörnum með því að..

- Vakta mikilvæga umhverfisþætti í starfsemi fyrirtækjanna
- Lágmarka og flokka úrgang sem fellur til hjá fyrirtækjunum
- Draga úr mengandi útblæstri frá bílum fyrirtækjanna

Stuðla að sjálfbærri þróun með minni notkun hráefna, endurnýtingu og endurnotkun

Velja birgja með hagsmuni umhverfisverndar að leiðarljósi

Haga starfsemi fyrirtækjanna í samræmi við gildandi lög og reglur um umhverfismál sem og að fylgjast vel með breytingum á lögum og reglugerðum

Efla umhverfisvitund starfsmanna með fræðslu og þjálfun og hvatningu um að framkvæma verk sín á umhverfsvænan hátt

Fyrirtækin uppfylli kröfur alþjóðlega umhverfisstjórnunarstaðalsins ISO 14001:2015

Leggja áherslu á að starfsmenn og hagsmunaðilar þekki umhverfisstefnuna og séu þátttakendur í að framfylgja henni

## UMHVERFISSTEFNA

Hópbílar og Hagvagnar eru fyrirtæki sem er umhugað um öryggi og heilsu starfsmanna og farþega. Fyrirtækin vilja vera leiðandi á þessu sviði og leitast því við að bjóða upp á hæfa og vel þjálfaða bílstjóra og nýlega bíla. Með því er stuðlað að öryggi og þægindum eins og best verður á kosið.

#### Hópbílar og Hagvagnar hafa sett sér þau markmið að..

Endurskoða Öryggis- og heilsuverndarstefnu fyrirtækjanna reglulega og vinna að stöðugum umbótum á sviði heilsu- og öryggismála

Efla öryggisvitund starfsmanna og annara hagsmunaaðila með..

- Reglulegri fræðslu, samráði og virkri þátttöku starfsmanna
- Hvatningu til starfsmanna að framkvæma verk sín á öruggan hátt
- Veita starfsmönnum, verktökum og gestum leiðsögn og þjálfun í heilsuverndar- og öryggismálum

Greina áhættuþætti í vinnuumhverfi starfsmanna og vinna að úrbótum til áhættuminnkunar

Stefna á slysaust vinnuumhverfi þ.e.a.s að starfsmenn slasist ekki eða verði fyrir heilsufarslegu tjóni við vinnu sína

Ástunda virka atvikaskráningu með áherslu á skráningu næstum slysa

Velja birgja og verktaka með tilliti til frammistöðu þeirra í öryggismálum

Fylgjast vel með þeirri þróun sem á sér stað í lagaumhverfinu m.t.t. heilsu- og öryggismála og fylgja í hvívetna þeim kröfum sem gerðar eru hverju sinni

Fyrirtækin uppfylli kröfur alþjóðlega heilsu- og öryggisstaðalsins ISO 45001

Starfsmenn þess og hagsmunaðilar þekki öryggis- og heilsuverndarstefnuna og séu þátttakendur í því að framfylgja henni

## ÖRYGGIS- OG HEILSUVERNDARSTEFNA

Það er stefna Hópbíla og Hagvagna að tryggja í alla staði öruggt starfsumhverfi á starfsstöðvum félaganna, þar með talið félagslega og andlega þætti.

Það er sameiginlegt verkefni stjórnenda og starfsmanna að stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum til að draga úr líkum á að aðstæður til eineltis eða kynferðislegs áreitnis myndist á vinnustaðnum.

Upplifi starfsmenn eða verði þeir vitni að slíku athæfi skal undir eins bregðast við samkvæmt viðbragðsáætlun.

**Hópbílar og Hagvagnar nota eftirfarandi skilgreiningar úr reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum:**

Einelti er siendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta

Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg

**Hópbílar og Hagvagnar hafa sett sér þau markmið að..**

Fræða alla starfsmenn um hvað kynferðislegt ofbeldi og einelti sé, hvað í því felst og hvert birtingaformið getur verið

Tryggja góð samskipti á vinnustaðnum með upplýsingagjöf, opinni umræðu, kurteisi og virðingu

Stuðla að umburðarlyndi gagnvart þjóðerni, fötlun, kynhegðun, kynferð eða öðru sem kann að aðgreina starfsmann frá öðrum í starfshópnum

Stuðla að jákvæðum starfsanda, sjálfstæði í starfi og möguleikum starfsmanna að hafa áhrif á starfið

Fylgja viðbragðsáætlun og tryggja nauðsynlega eftirfylgni komi atvik upp

Lágmarka fjarveru starfsmanna komi upp mál sem tengjast kynferðislegu ofbeldi eða einelti með því að bjóða upp á aðstoð utanaðkomandi aðila til lausnar á málum

Starfsmenn þekki stefnuna og séu þátttakendur í að framfylgja henni


Einelti og kynferðisleg áreitni verða ekki liðin innan fyrirtækjanna. Komi hins vegar upp mál ef þessum toga mega gerendur eiga von á skriflegri áminningu, tilfærslu í starfi og hugsanlega, uppsögn.





## HÓPBÍLAR OG HAGVAGNAR

Ár	Olía ltr.	Akstur	Eyðsla →	+/-
2020	1.765.224	6.484.709	27,2	
2021	2.021.260	7.863.810	25,7	-5,6%
2022	2.337.037	8.810.113	26,5	3,2%
2023	2.286.090	8.714.839	26,2	-1,1%



Heildarakstur og olíunotkun ársins stóð nánast í stað frá fyrra ári meðaleyðsla flotans í heild lækkaði lítillega.

Olíunotkun ársins veldur losun á u.þ.b. 6.000 tonnum af CO<sub>2</sub>. Til að vega upp á móti þessari losun nota fyrirtækin Biodísil íblöndun í allt eldsneyti og náðu þannig að minnka útstreymi CO<sub>2</sub> um 300 tonn.

Hópbílar hafa frá árinu 2020 kolefnisjafnað allan akstur rútabílaflotans með gróðursetningu trjáa í samstarfi, og með samningi við Kolvið. Á liðnu ári var losun þess hluta flotans rúm 1.500 tonn af CO<sub>2</sub> og vegna þess gróðursett um 15.300 tré. Á samningstímanum hafa verið gróðursett um 47.000 tré vegna þessarar losunar sem á endanum munu jafna út alls 4.800 tonn af CO<sub>2</sub>. Það eru um 23% af heildarlosun tímabilsins að teknu tilliti til Biodísils.

Það munar um minna og við erum afar stolt af þessu framlagi okkar í baráttunni við losun gróðurhúsalofttegunda og munum ótrauð halda okkar striki áfram.






## HAGVAGNAR

Ár	Olía ltr.	Akstur	Eyðsla	+/-
2020	596.369	1.385.072	43,1	
2021	626.827	1.449.388	43,2	0,4%
2022	653.510	1.463.679	44,6	3,2%
2023	640.656	1.453.161	44,1	-1,3%

Akstur strætisvagna Hagvagna er í föstum skorðum og breytist lítið milli ára. Eyðsla minnkaði lítillega en akstursleiðir strætisvagna eru þess eðlis að langsótt er að sjá mikið lægri eyðslu en nú er.

Það er ljóst að framtíðin liggur í rafmagnsvæðingu strætisvagnaflotans. Það er vel fylgst með þróun rafmagnsvagna og þegar liggur fyrir að á næstu árum muni rafmagnsvögnum fjölga jafnt og þétt með tilheyrandi minnkun á olíunotkun og þar með minni losun gróðurhúsalofttegunda.



AKSTUR OG EYÐSLA





## HÓPBÍLAR-RÚTUR

Ár	Olía ltr.	Akstur	Eyðsla	+/-
2020	234.449	782.812	29,9	
2021	348.736	1.293.752	27,0	-10,0%
2022	620.534	2.283.313	27,2	0,8%
2023	579.947	2.170.943	26,7	-1,7%

Aksturskerfi Hópbíla lagði í heildina að baki tæpa 7,3 millj. km. á árinu 2023 og stóð nánast í stað frá fyrra ári. Meðaleyðsla minnkaði örlítið, sem er alltaf jákvætt.

Skiptingu aksturs milli deilda ásamt eyðslu má sjá á töflum og súluritum hér á síðunni og þeirri næstu.









## HÓPBÍLAR-LANDSBYGGÐARSTRÆTÓ

Ár	Olía ltr.	Akstur	Eyðsla	+/-
2020	684.572	2.380.592	28,8	
2021	729.721	2.528.856	28,9	0,3%
2022	750.931	2.552.981	29,4	1,9%
2023	742.959	2.493.773	29,8	1,3%



## HÓPBÍLAR-AKSTURSPJÓNUSTA

Ár	Olía ltr.	Akstur	Eyðsla	+/-
2020	249.834	1.936.233	12,9	
2021	315.976	2.591.814	12,2	-5,5%
2022	312.062	2.510.140	12,4	2,0%
2023	322.528	2.596.962	12,4	-0,1%





AKSTUR OG EYÐSLA



Notkun	Ein.	2020	2021	2022	2023
<b>Rafmagn</b>	[kWh]	250.459	234.090	269.047	270.028
-[kWh] pr. km.		0,038	0,030	0,031	0,031
<b>Heitt vatn</b>	m <sup>3</sup>	26.474	24.387	26.023	25.163
-grömm pr. km.		4,00	3,10	2,96	2,89
<b>Kalt vatn</b>	m <sup>3</sup>	11.498	10.316	9.348	10.236
-grömm pr. km.		1,74	1,31	1,06	1,17
-rúmm. pr. bíl		68,04	63,29	52,52	55,63

Notkun á rafmagni og heitu og köldu vatni hafa ekki bein neikvæð áhrif á umhverfi okkar. Félögin hafa þó ávallt viljað sýna ábyrgð í umhverfismálum og því eru þessir þættir vaktaðir og brugðist við ef um óeðlilega aukningu er að ræða.


Heildarnotkun þessara umhverfisþátta má sjá á töflu hér á síðunni ásamt niðurbroti á eigna kílómetra og notkun pr. bíl.



RAFMAGN, HEITT OG KALT VATN



Olíur	ein	2020	2021	2022	2023
Gírolía MOBILUBE HD 80W-90	litr	832	1.040	1.231	1.239
Gírolía Q8 Trans XGS 75	litr			208	
Gírolía Q8 T 60 Ntech	litr	120	120	100	
Gírolía Q8 Ecofluid 75W/80	litr				206
Mobil ATF 320	litr	416		173	200
Mobil Delvac XHP 10/40	litr	4.221	2.288	2.639	2.665
Mobil Super 3000	litr	208	228	447	
Gírolía Q8 T60 Ntech 75W-80	litr			85	24
Q8 Formula S/30	litr	1.248	1.456	936	1.202
Urania f. E6	litr	1.600	2.620	3.141	3.727
Urania Daily	litr	320	400	540	420
Spirax ATF sjálfsk. olía 209 ltr.	litr	209	627	524	482
Aðrar olíur	litr	19	21	50	175
<b>Samtals:</b>	<b>litr</b>	<b>9.193</b>	<b>8.800</b>	<b>10.074</b>	<b>10.340</b>
- grömm á ekinn km	gr	1,39	1,12	1,15	1,19
- meðalnotkun pr. bíl	litr	54	54	57	56




Smurolíur verða seint umhverfisvænar! En eru auðvitað nauðsynlegar í starfsemi sem byggir allt sitt á akstri stórra bifreiða. Ávallt er þó reynt að nota olíur með eins litlum umhverfisáhrifum og mögulegt er og vel fylgst með þróun í málaflokknum.

Allri úrgangsolíu er safnað í sérstakar olúgildrur og send til förgunar hjá viðurkenndum aðilum.

Eins og sjá má jókst heildarnotkun smurolía lítillega frá fyrra ári en er þó innan við eðlileg sveiflumörk milli ára.



SMUROLÍUR





Tjöruhreinsir	eIn	2020	2021	2022	2023
Tjöruhreinsir N1	ltr				1.300
Tjöruhreinsir Mjöll-Frigg	ltr				
Dekkjahreinsir N1	ltr				
Topp olíu- og tjöruhreinsir	ltr	6.460	3.400	6.840	3.150
Topp Extra Trukkur olíuhreins.	ltr	3.400	6.170	3.400	3.800
<b>Samtals:</b>	<b>ltr</b>	<b>9.860</b>	<b>9.570</b>	<b>10.240</b>	<b>8.250</b>
- grömm á ekin km	gr	1,49	1,22	1,16	0,95
- meðalnotkun pr. bíl	ltr	58	59	58	45

Af þeim efnum sem félögin nota er tjöruhreinsir einna skaðlegastur fyrir umhverfið. En því miður nauðsynlegur í almennum viðhaldi og þrifum bíla.

Heildarmagn tjöruhreinsis er óneitanlega gríðarlega mikið. En það er jákvætt að magn pr. eigna kílómetra hefur verið að minnka jafnt og þétt undanfarin ár og heildarmagn 2023 talsvert minna en árið áður.

Félögin fylgjast með nýjungum í þessum efnum með fyrirspurnum til birgja og umhverfisvænni efni eru prufuð reglulega. Hingað til hefur virkni þeirra þó ekki verið nægjanleg til að réttlætjanlegt sé að skipta um efni.






Þvottaefni	ein	2020	2021	2022	2023
Brútus/Granít	ltr	4.600	4.600	4.400	5.000
Sky WE 64	ltr	1.400	1.800	2.000	1.425
Ecomar Protector Wax	ltr	330		120	
<b>Samtals:</b>	<b>ltr</b>	<b>6.330</b>	<b>6.400</b>	<b>6.520</b>	<b>6.425</b>
- grömm á ekinn km	gr	0,96	0,81	0,74	0,74
- meðalnotkun pr. bíl	ltr	37	39	37	35

Regluleg og góð þrif eru mikilvægur þáttur í viðhaldi flotans og góð þvottaefni því nauðsynleg. Í dag notast félögin eingöngu við þvottaefni sem ekki eru merkingarskyld og hafa ekki neikvæð áhrif á umhverfið.

Heildarnotkun þvottaefna sveiflast lítið milli ára og hefur verið svipuð undanfarin ár.






Frostlögur	ein	2020	2021	2022	2023
Frostlögur N1 - grænn/blár	ltr			409	250
Frostlögur N1 - rauður	ltr	2.050	1.239	2.446	1.498
Frostlögur B&L Paraflu HT	ltr	600	800	872	1.524
<b>Samtals:</b>	<b>ltr</b>	<b>2.650</b>	<b>2.039</b>	<b>3.727</b>	<b>3.272</b>
- grömm á ekinn km	gr	0,40	0,26	0,42	0,38
- meðalnotkun pr. bíl	ltr	16	13	21	18

Þar sem bílar koma í dag frostvarðir frá framleiðanda er frostlegi, að öllu jöfnu, aðeins bætt á þegar um leka er að ræða.

Bílstjórar og starfsmenn verkstæðis fylgjast vel með hvort frostlögur leki úr bílunum og strax er gripið inn í þegar þurfa þykir.

Litla notkun á árunum 2020 og 2021 má rekja til minni umsvifa á Covid tímum sem jafnframt skýrir mikla aukningu frá árinu 2022.






Spilliefni	ein	2020	2021	2022	2023
Olía dælanleg > 200 ltr. tunna	kg	28.345	36.575	36.840	26.690
Olíusíur	kg	399	847	787	563
Ódælanlegur olíuúrgangur	kg	169	139		
Rafgeymar	kg	1.799	1.089	4.282	1.180
Leysiefni / vatnsbl. frostlögur	kg	16			
Ljósaperur	kg			42	
Annar rafbúnaður	kg	65			
<b>Samtals:</b>	<b>kg</b>	<b>30.793</b>	<b>38.650</b>	<b>41.951</b>	<b>28.433</b>
- grömm pr ekin km	gr	4,65	4,91	4,77	3,26

Spilliefni eru skilgreind sem öll þau efni sem eru hættuleg lífríkinu, bæði mönnum og dýrum. Öflugar olíuskiljur, gott verklag við flokkun og traust eftirlit tryggja að öll spilliefni eru skilin frá almennu sorpi og skilað til förgunar hjá viðurkenndum þjónustuaðilum.

Á árinu féll til heldur minna magn af spilliefnum en oft áður. eðlilega heldur meira en árið áður, í samræmi við aukinn akstur. En talsvert minna en 2019 sem er betra samanburðarár.




Umhverfið skiptir okkur öll máli!





Fastur úrgangur	ein	2020	2021	2022	2023
Blandaður úrgangur A	kg	11.695	8.075	12.657	16.945
Grófur úrgangur	kg	5.480	7.365	1.500	
Óflokkaður úrgangur	kg				3.780
Timbur	kg	100		3.990	4.580
Brotajárn / málmar	kg	30.449	8.710	117.500	18.640
Bylgjupappi	kg	1.790	1.415	2.233	2.259
Plást til endurvinnslu	kg	55			106
Gler	kg.			3.200	4.000
Hjólbarðar	kg	3.370	8.450	15.800	13.020
<b>Samtals:</b>	<b>kg</b>	<b>52.939</b>	<b>34.015</b>	<b>156.880</b>	<b>62.730</b>
- grömm pr ekin km	gr	7,99	4,33	17,83	7,20



Þetta er sá flokkur sem er alltaf stærstur hvað magn varðar og sveiflast mest milli ára. Félögin leggja mikið upp úr að vanda flokkun á þessum úrgangi og skila í viðurkennda förgun.

Stærsti einstaki liðurinn í þessum flokki og sá sem veldur mestum sveiflum er brotajárn en undir hann falla ónýtir og afskrifaðir bílar en mjög misjafnt er hversu margir bílar fara í brotajárn á hverju ári.







Losun gróðurhúsalofttegunda er óhjákvæmileg í rekstri hópferðabifreiða og strætisvagna og í stórum fyrirtækjum eins og okkar er hún umtalsverð. Á sama tíma er það jafnframt ein mesta og stærsta ógn sem að heiminum steðjar. Kröfur um mótvægisáðgerðir eru sífellt að aukast og alveg ljóst að í allra nánustu framtíð mun fjöldi rafmagnsvagna aukast mikið með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á loftslag.

Hópbílar og Hagvagnar hafa ávallt lagt áherslu á að draga eins og hægt er hverju sinni úr áhrifum starfseminnar á umhverfið.

Í því markmiði gera félögin gera eftirtaldir ráðstafanir:

- Nota Biodísil í eldsneyti til að draga úr losun. BioDísill mengar minna og smyr betur en venjuleg dísilolía og hefur þannig jákvæð áhrif út frá umhverfis- og heilsufarslegum sjónarmiðum.
- Leggja áherslu á reglulega fræðslu um hugmyndafræði vistaksturs sem mikilvægt tæki til að draga úr eyðslu.
- Vinna að mótvægisáðgerðum vegna losunar rútbílaflotans á CO<sub>2</sub> í samstarfi við Kolvið (sjá bls. 6).

Sót í útblæstri er mælt árlega í lögbundinni skoðun allra bíla til að kanna hvort útblástur sé innan ákvæða reglugerða.

Eins og sjá má á töflunni hér að neðan hafði notkun BioDísils þau áhrif að koltvísýringslosun Hópbíla og Hagvagna var 297 tonnum minni en ella á síðasta ári. Áhrif Biodísils á losun eru því ótvíræð og til gamans má geta þess að síðast liðin 10 ár hefur notkun BioDísils leitt af sér um 3.600 tonna minni losun CO<sub>2</sub>. Með samningi við Kolvið voru/verða gróðursett rúmlega 15.000 tré vegna losunar rútbílaflotans á 1.500 tonnm af CO<sub>2</sub>.


Baráttan er auðvitað endalusa en það munar aldeilis um minna. Við erum stolt af þessu framlagi okkar og munum að sjálfsögðu áfram, sem hingað til fylgjast vel með allri þróun í þessum málum og taka þátt í því sem við getum.

Koltvísýringur (CO <sub>2</sub> )	ein	2020	2021	2022	2023
Heildarlosun	t.	4.660	5.336	6.163	6.035
Losun með Biodísil	kg	4.431	5.073	5.860	5.738
Jákvæð áhrif Biodísil (mismunur)	t.	-229	-263	-303	-297
<b>Raunlosun samtals</b>	<b>t.</b>	<b>4.431</b>	<b>5.073</b>	<b>5.860</b>	<b>5.738</b>
Áhrif kolefnisjöfnunar	t.	-617	-921	-1.638	-1.638
Losun pr. km.	kg.	0,68	0,65	0,67	0,66
Losun pr. bíl	t.	26	31	33	31





Tjón	2020	2021	2022	2023
Fjöldi bíla	169	163	178	184
Tilfelli	66	73	99	101
Atvik pr. bíl	0,39	0,45	0,56	0,55
Árekstur	47	50	85	61
Tjón	64	72	97	98
Í rétti	19	16	26	17
Slys	0	0	0	0
Eknir km. í millj.	6,48	7,85	8,78	8,72
Atvik pr. millj. km.	10	9	11	12



Öryggi og forvarnarstarfi hefur alltaf verið gert hátt undir höfði í starfsemi Hópbíla og Hagvagna og verið áhersluþráður í fræðslu til starfmannna.

Félögin eru með alþjóðlega vottun skv. öryggisstjórnunarstaðlinum ISO 45001 en hann gerir ríka kröfu um vöktun og skráningu á tjónum, slysum, næstum því slysum og frávikum. Öflug vöktun og greiningar ásamt öflugri fræðslustarfi er forsenda þess að hægt sé að ná árangri í fækkun slysa og atvika.

Það hefur alltaf verið stefna og skýrt markmið Hópbíla og Hagvagna að fækka óhöppum og því er afar ánægjulegt að sjá að atvikum hefur verið að fækka undanfarin ár. Það er jafnframt félögunum hvatning um að halda áfram á sömu braut og slá hvergi af eigin kröfum um góða og öfluga fræðslu og þjálfun bílstjóra.

